

Fjallabyggð 22 október 2020

Skipulags og umhverfisnefnd Fjallabyggðar.
Bt. Ármann V Sigurðsson

Undanfarin þrjú ár hefur Selvík hf. (Sigló hótél) í samstarfi við Skíðafélagið byggt upp öfluga starfsemi í kringum skíðagöngunámskeið í Fjallabyggð.

Námskeiðin hafa haft mikla þýðingu fyrir Sigló hótél til að laða að innlenda ferðamenn yfir vetrartímamann jafnframt því að vera hluti af fjármögnun unglingsstarfs skíðafélagsins.

Vegna yfirstandandi ástands í Covid 19 þá er útlit fyrir umtalsverða aukningu á skíðagöngunámskeiðum á nýju ári.

Jafnframt uppbyggingu í skíðagöngunámskeiðunum hefur Selvík ehf. unnið að undirbúningi að sleðabraut (tubing) í skógrækt siglfirðinga í samráði við Skógræktarfélag Siglufjarðar.

Til að gera þessa starfsemi aðgengilegri fyrir gesti Sigló hótél þá hefur Selvík ehf. áhuga á að endurbyggja ljósabraut í Hólsdal. Ljós sem tilheyra brautinni hafa ekki verið notuð í allmörg ár og eru úrelt. Fjölga þarf ljósastaurum við göngubraut og sleðabraut. Öll lýsing verður með nýttiskulegri LED flóðlýsingu.

Til að tengja svæðið við Hól við aðstöðu í golfskála þyrfti að útbúa einfalda trébrú yfir Fjarðará. Selvík ehf. mun standa straum af öllum kostnaði við framkvæmdir og rekstur mannvirkjanna. Með bréfi þessu óskar Selvík ehf. eftir heimild frá Skipulags og Umhverfisnefnd til þessara framkvæmda.

Meðfylgjandi er teikning af göngu og sleðabraut þar sem sett hefur verið inn gróf mynd af fjölda og staðsetningu ljósa.

Óskað er eftir afgreiðslu sem fyrst á málinu þar sem stutt gæti verið í vetrarhörkur og tafið framkvæmdir

Virðingarfyllst

F.h. Selvíkur ehf.

Róbert Guðfinnsson

